# Rekstrarreikningur 2020

| | Skýr. | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Félagsgjöld | (7) | Kr. | 3.304.620 | 2.792.000 |
| Vallargjöld / Sumarkort | (8) | - | 4.200.286 | 3.051.650 |
| Mótagjöld | | - | 262.500 | 253.826 |
| Firmakeppni - styrktarmót | | - | 220.000 | 99.000 |
| Styrkir, auglýsingar | (9) | - | 625.000 | 1.226.055 |
| Lottó / Getraunir | | - | 28.392 | 18.371 |
| Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur | | - | 6.274 | 9.521 |
| Rekstrartekjur samtals | | Kr. | 8.647.072 | 7.450.423 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Greiðslur til rekstraraðila-kostnaður | | Kr. | 1.750.000 | 1.650.000 |
| Greiðslur vegna reksturs skála-kostnaður | | - | 8.209 | 0 |
| Leiga v/golfvallar | (10) | - | 123.740 | 96.750 |
| Viðhald tækja og skála | (11) | - | 590.305 | 1.531.869 |
| Framkvæmdir við golfvöll | (12) | - | 0 | 0 |
| Rafmagn og hiti | | - | 72.111 | 59.771 |
| Fasteignagjöld | | - | 294.060 | 262.676 |
| Rekstrarvörur | (13) | - | 1.417.143 | 1.261.587 |
| Tryggingar | | - | 188.276 | 189.149 |
| Skattur GSÍ / HSK | (14) | - | 405.000 | 333.315 |
| Verðlaun og mótakostnaður | | - | 75.932 | 14.883 |
| Ýmiss kostnaður | (15) | - | 397.169 | 207.305 |
| Afskriftir viðskiptakrafna | | - | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | - | 168.298 | 146.915 |
| Rekstrargjöld samtals | | Kr. | 5.490.243 | 5.754.220 |
| Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi | | Kr. | 3.156.829 | 1.696.203 |
| **Óreglulegar tekjur / gjöld:** | | | | |
| Afskriftir véla, tækja og verkfæra | | | -1.077.906 | -1.347.382 |
| Óreglulegar tekjur / gjöld samtals | | Kr. | -1.077.906 | -1.347.382 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | Kr. | 2.078.923 | 348.821 |

Ég undirritaður hef skoðað ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 1.11.2019 - 31.10.2020 og hef ekkert fundið athugavert og legg til að hann verði samþykktur.

Jón Þ. Hilmarsson

# Efnahagsreikningur 31. okt. 2020

## Eignir

| | Skýr. | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjámunir : | | | | |
| Áhöld og búnaður | (2) | Kr. | 1.093.982 | 999.922 |
| Vélar, tæki og verkfæri | (3) | - | 4.311.624 | 5.389.530 |
| Bílastæði | | - | 200.000 | 200.000 |
| Golfvöllur | (4) | - | 10.794.711 | 10.528.489 |
| Golfskáli | (5) | - | 420.000 | 420.000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir samtals | | Kr. | 16.820.317 | 17.537.941 |
| Veltufjármunir : | | | | |
| Bankareikningar | | Kr. | 1.469.113 | 953.064 |
| Skammtímakröfur : | | | | |
| Viðskiptakröfur | | Kr. | 0 | 0 |
| Veltufjármunir samtals | | Kr. | 1.469.113 | 953.064 |
| Eignir alls | | Kr. | 18.289.430 | 18.491.005 |

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé : | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | Kr. | 15.949.299 | 15.600.478 |
| Hagnaður (tap) ársins | | - | 2.078.923 | 348.821 |
| Eigið fé samtals | | Kr. | 18.028.222 | 15.949.299 |
| Skuldir : | | | | |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Lykill - fjármögun | (6) | Kr. | 0 | 2.185.748 |
| Næsta árs afborgun | | - | 0 | -985.109 |
| | | Kr. | 0 | 1.200.639 |
| Viðskiptaskuldir | (6) | Kr. | 261.208 | 355.958 |
| Næsta árs afborgun fjármögnunar | | - | 0 | 985.109 |
| Skammtímaskuldir samtals | | Kr. | 261.208 | 1.341.067 |
| Skuldir samtals | | Kr. | 261.208 | 2.541.706 |
| Skuldir og eigið fé alls | | Kr. | 18.289.430 | 18.491.005 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Við gerð ársreiknings 2019-2020 er í öllum meginatriðum fylgt hefðbundnum reikningsskilaaðferðum og er fylgt ákvæðum skattalaga við gerð ársreiknings og er fyrningareglum breytt til samræmis við breytingu á skattalögum. Allar tölur eru færðar í heilum krónum.

   Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru ekki reiknuð vegna breytinga á lagafyrirmælum um reikningsskil og varanlegir rekstrarfjármunir eru af sömu ástæðu ekki endurmetnir.

## Eignir

2. Áhöld og búnaður eru metnar á kostnaðarverði. Hér er einkum um að ræða áhöld og búnað í golfskála, þ.e. innréttingar, tæki, húsgögn og annan búnað. Keyptir voru nýir fánar fyrir holur vallarins, holustangir fyrir æfingafla, stólar á pall o.fl búnaður. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
3. Vélar, tæki og verkfæri voru metin á kostnaðarverði í upphafi árs og kaupverði innan ársins.
   - Reiknaðar eru afskriftir (20%) af bókfærðu verðmati véla, tækja og verkfæra í lok árs, og bókfært verð þeirra er í árslok lækkað um kr. 1077.906.
4. Framkvæmdir við bygging ný teigs á 1. braut nam kr. 266.222 og var sú fjárhæð eignfærð.
5. Golfskáli: Sjá skýringu á eignarhluta GD í skála í ársreikningi 2017-2018. Verðmat eignarhlutans var við upphaf núverandi reikningsárs kr. 420.000. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið, og er hann því óbreyttur milli ára.

## Skuldir

6. Skuldir og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

   A) Vegna vélarkaupa á síðasta ári var gerður kaupleigusamningur við Lykil fjármögnun h.f. um fjármögnun kaupanna að stórum hlutaá síðasta reikningsári. Samningurinn hljóðaði upp á kr. 2.522.604,-. Voru gjalddagar skv. samningnum áætlaðir 25 talsins, þ.e. frá 5.6.2019 til 5.7.2021, með stærstu afborgunum 5.6.2020 og 5.6.2021. Greiðslur vaxta og afborganir innan þessa reikningsárs voru skv. áætlun (m.a. afborgun 4. júní sl. að upphæð kr. 985.109). Þar sem fjárhagsstaða GD gaf kost á því var ákveðið að greiða lánið upp í lok reikningsársins. Lokagreiðsla vegna lánsins fór því fram 23. október sl. og var samtals að upphæð kr. 1.204.751 (þ.e. síðasta afborgun af láninu og vextir til greiðsludags).
   - Þetta lán kemur því ekki lengur fram í ársreikningi GD.

   B) Eftirstöðvar skuldar við Grafíu vegna reiknaðrar leigu lands 2005-2016, á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994, var í upphafi reikningsársins samtals kr. 337.208. Krafan var öll gjaldfærð á reikningsárinu 2016-2017 sem leigukostnaður vegna golfvallar. Greiddar voru kr. 100.000 sem afborgun af skuldinni á árinu. Eftirstöðvar skuldarinnar eru kr. 237.208 í lok reikningsárs. Í lok reikningsárs er einnig ógreidd skuld við Laugarvatn Fontana að upphæð kr. 24.000 (vegna sölu GD á ársskírteinum 2019 og 2020 í Fontana umfram styrk skv. samningi dags. 7. júní 2019) færð sem viðskiptaskuld.
   - Viðskiptaskuldir í lok reikningsárs eru því þannig tilkomnar:

| | | |
|---|---|---|
| Grafía - vegna leigu | | 237.208 |
| Laugarvatn Fontana | | 24.000 |
| | Samtals | 261.208 |

## Rekstrartekjur

7. Félagsgjöld: Alls greiddu 107 félagar árgjald til GD 2019. Með heiðursfélögum eru félagsmenn 114 talsins í lok starfsársins 2020, en voru 108 í lok árs 2019, sem er fjölgun félagsmanna um rúmlega 5% milli ára. Alls voru 18 nýskráningar félagsmanna innan ársins, en 12 úrsagnir, og þannig bættust 6 kylfingar í hóp félagsmanna GD, sem fyrr segir. Tekjur af félagsgjöldum jukust um rúmlega 18% milli ára.

8. Vallargjöld og sumarkort: Samkvæmt samningi sem gerður var 27. maí 2020 greiddu GRAFÍA, RSÍ og VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna hvert fyrir sig kr. 600.000 til GD og fengu fyrir þá greiðslu m.a. 20 golfkort sem giltu fyrir 2 á velli Dalbúa sumarið 2020. Greiðslur félaganna, samtals kr. 1.800.000, voru færðar sem hluti tekna af vallargjöldum og sumarkortum í rekstrarreikning.
- Aðrar tekjur GD af vallargjöldum og sölu sumarkorta tvöfölduðust milli ára, og numu kr. 2.400.286.

9. Styrkir og auglýsingar innan reikningsársins 2020 drógust verulega saman frá árinu á undan, og munar þar mestu að Flugleiðahótel hættu að nýta auglýsingarými á vellinum í Miðdal, auk þess sem tilfallandi styrkir (m.a. vegna vélaviðgerða) féllu niður. Fyrst og fremst er um að ræða styrki úr sjóðum og skv. samningi við Laugarvatn Fontana, en umræddar tekjur eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Styrkur úr Íþróttasjóði ríkisins (vegna námskeiðahalds) | kr. 150.000 |
| Styrkur frá UMFÍ (vegna uppgræðslu) | kr. 75.000 |
| Tekjur af sölu Fontana-korta | kr. 350.000 |
| Aðrir styrkir | kr. 50.000 |
| Samtals | kr. 625.000 |

## Rekstrargjöld

10. Leiga vegna golfvallar 2018 á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994 (5% af félagsgjaldi síðasta fjárhagsárs að frádregnu aðildargjaldi GD í GSÍ), samtals að upphæð kr. 123.740 er gjaldfærð á árinu.

11. Viðhald tækja og skála er einkum kostnaður vegna viðgerða, þ.e. vinna og varahlutir. Um er að ræða eðlilegt viðhald og viðgerðir, en á árinu urðu engar alvarlegar bilanir á tækjum, líkt og hækkuðu þennan kostnað verulega umfram væntingar á síðasta ári. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Brýnsla sláttublaða á öllum vélum, varahlutir o.fl. | kr. 343.229 |
| Vélavinna og akstur | kr. 201.127 |
| Viðhald og viðgerðir í skála | kr. 53.949 |

12. Byggður var upp nýr teigur við 1. braut vallarins og brautin færð til í samræmi við teiginn, auk nokkurra smærri verkefni í vellinum. Kostnaður við þessa framkvæmdir (kr. 266.222) er eignfærður og hækkar matsverð golfvallar í efnahagsreikningi (sjá skýringu nr. 4). Aðrar framkvæmdir við völlinn hafa verið hafnar (t.d. við uppbyggingu æfingasvæðis), en kostnaður við þær er ekki gjaldfærður innan ársins.

13. Kostnaður vegna kaupa á rekstrarvörum hækkar milli ára, og er það m.a. í samhengi við notkun á nýrri vél, aukinn slátt, áburðargjöf, sáningu o.s.frv. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Olíu-, smurolíu- og síukostnaður | kr. 688.810 |
| Áburðarkaup | kr. 198.500 |
| Tækjaleiga | kr. 104.160 |
| Kaup á fræi | kr. 303.888 |

14. Svonefnd GSÍ-gjöld vegna greiddra félagsgjalda vega hér þyngst. Þau eru árið 2020 kr. 5.400 af hverju greiddu félagsgjaldi í aðalklúbbi, og því samtals kr. 405.000 á þessu reikningsári. Sú upphæð jafngildir því að 75 félagsmenn hafi haft golfklúbbinn Dalbúa sem aðalklúbb í skráningu árið 2020.

15. Hefðbundinn ýmis kostnaður lækkar lítillega milli ár, en eykst þó í heildina vegna mikils kostnaðar vegna leyfisveitinga, þar sem endurnýja þurfti bæði starfs- og rekstrarleyfi á árinu. Helstu liðir sem teknir eru saman hér eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| STEF-gjald | kr. 13.642 |
| Heilbrigðiseftirlitsgjald | kr. 37.958 |
| Kostn. vegna aðalfundar 5. desember 2019 | kr. 22.000 |
| Leiga á pósthólfi | kr. 14.700 |
| Hýsing vefsíðu | kr. 21.984 |
| Kostn. vegna vinnudags GD | kr. 26.380 |
| Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits (gildir í 12 ár) | kr. 21.690 |
| Rekstrarleyfi sýslumanns (gildir ótímabundið) | kr. 217.500 |
| Ljósritun, skönnun o.fl. | kr. 8.141 |